

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 27. apríl 2010 var samþykkt deiliskipulag Garðalundar á Akranesi.

Svæðið afmarkast af golfvelli Golfklúbbsins Leynis, byggðar við Jörundarholt, lóðar Byggðasafnsins að Görðum og Skógahverfi, 2. áfanga. Stærð svæðisins eru um 18,6 ha. Innan svæðisins er skógræktar- og útivistarsvæði sem gengur undir nafninu Garðalundur og deiliskipulagssvæði sem nefnt hefur verið „Hótelreitur“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. mars 2008. Hótelreiturinn er nú felldur inn í deiliskipulag Garðalundar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulagið „Hótelreitur“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. mars 2008.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 28. júlí 2010.*

**Hafdís Sigurþórsdóttir** fulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2010